

Nd.

404. Breytingartillögur

[21. mál]

við frv. til laga um Jafnlaunaráð.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 3. málsl. orðist svo:
Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starfi, blunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.
2. Við 3. gr.
 - a. 2. málsgr. orðist svo:
Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.
 - b. 3. málsgr. falli brott.
3. Við 4. gr.
 - a. 1. tl. orðist svo:
 1. Vera ráðgjafandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
 - b. Í stað „varða“ í 1. másl. 4. tl. komi: varðar.
 - c. 6. tl. falli brott.
4. 5. gr. orðist svo:
Nú telur Jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. gr., og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekanda.
Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.
5. 6. gr. orðist svo:
Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félagsmálaráðherra tilnefnir. Skulu þeir tilnefndir til fjögurra ára.
Meðdómendur skulu vera lögráða.
Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til búsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta.
Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.